



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað um viðauka 6 við fjárhagsáætlun 2022

**Dags:** 28. ágúst 2022

**Málsnúmer:** 202105196/2.5

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

---

Lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun 2022 vegna kjarasamninga.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2022 var ekki búið að gera nokkra kjarasamninga við stéttarfélag starfsmanna í skólum bæjarins. Til að mæta væntanlegum launahækkunum voru teknar frá 150 m.kr. á miðlæga fjárhagsdeild hjá fræðslu- og frístundasviði. Fjárhæðinni átti svo að dreifa út á stofnanir með viðauka við fjárhagsáætlun til að mæta hækkun launakostnaðar.

Í kjarasamningum flestra stéttarféлага á vinnumarkaði er ákvæði um að ef hagvöxtur fari yfir tiltekin mörk þá skuli laun starfsmanna hækka með svokölluðum hagvaxtarauka. Ákvæði um hagvaxtarauka virkjaðist 1. apríl 2022 sem leiðir til hækkunar mánaðarlauna starfsmanna bæjarins frá þeim tíma. Við gerð fjárhagsáætlunar lágu ekki fyrir upplýsingar um væntanlegar launahækkunar vegna hagvaxtarauka.

Nú er búið að reikna upp launaáætlanir stofnana bæjarins með tilliti til nýrra kjarasamninga og hagvaxtarauka. Niðurstaðan er sú að launakostnaður stofnana hækkar um rúmlega 217 m.kr. sem er 67 m.kr. meira en þær 150 m.kr. sem ætlað var að mæta hækkun launakostnaðar vegna kjarasamninga. Meðfylgjandi er sundurliðun breytinga eftir fjárhagsdeildum.

Lagt er til að bæjarráð samþykki breytingar á fjárhagsáætlun 2022 þannig að áætlaður launakostnaður hækki um 67 m.kr. vegna kjarasamninga skv. meðfylgjandi sundurliðun. Breytingin lækkar rekstrarniðurstöðu ársins um 67 m.kr. og er henni mætt með hækkun skammtímaskulda.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir uppsöfnuð áhrif allra viðauka á rekstur, efnahag, sjóðstreymi og fjárfestingayfirlit.

Virðingarfyllst,

Pétur J. Lockton  
fjármálastjóri